

Punktar frá sveitaráðstefnu 2. apríl 1982

Hópar 1 og 2 fyrri hluta dags:

Til umræðu var hvernig skyldi heyja kosningabaráttuna.

1. Fyrst voru kynntar hugmyndir kynningarnefndar um hátið í Laugardalshöllinni 20. maí. Áhersla var lögð á að allar skyldu skrifa greinar ýmist í okkar blað eða önnur blöð eftir því sem hægt væri að koma þeim að. Uppástungur um efni í okkar blað: t.d. að ræða við mæður sem ~~eðu~~ að sækja börn sín á dagheimili, konur á vinnustöðum og eins mætti finna efni úr öðrum blöðum eða bókum. Deadline sett þriðjudag eftir pásku. Rætt um að ráða auglýsingastjóra og að auglýsa eftir sölubörnum þegar næsta blað kemur út.

Nokkrar umræður urðu um hugtakið fjölskyldupólítík. Þórhildur nefndi að fram hefði komið í blöðum að stefnuskrá okkar væri hin fyrsta sem tæki mið af fjölskyldunni, en hver væri okkar fjölskyldupólítík, það byrftum við að ræða betur. Hver er t.d. afstaða okkar til dagvistar barna???

2. Rætt um að fara á vinnustaði og kænna bar vilja til fundarhalda. Stungið upp á BÚR, Isbirninum, Hampiðjunni, Borgarspítalanum, Landspítalanum, bönkunum, Hagkaupum, saumastöfum Karnaþejar, Þvottahús, verslanir SS og verksmiðjur. Peysufatasöngsveitin verði með í ráðum.

3. Skrifa lesendabréf í sem flest blöð.

4. Laugardalshöllin: Þar verði opið hús, og yfirgripsmikil kynningar á kvennastörfum t.d. Félagsmálastofnun, getnaðarvörnum, félagi kvenna v. krabbameins, fjallað um ofbeldi gegn konum, mæður vangefinná barna. Rætt um að bjóða Lækarbrekku að sjá um veitingar, en að við sjáum sjálfar mm gos og sælgæti. Tónlistarhorn upplestrarhorn, föndurhorn og ca. þrisvar um daginn verði flutt ávörp og uppákomur inn á milli.

5. Útimarkaður verði í hverri viku ef veður leyfir.

6. Hinn 1. maí verðum við síðastar í göngunni og ættum að byrja fund 30 mín. eftir að fundur hefst á torginu. Blaðið og merki verði sold. A fundinum verði ávarp og tónlist. Rætt um að semja þurfi baráttusöng. Nefnd sett í málið, stungið upp á Ástu Ragnars Hjörðísi Hjartardóttur og Ingibjörgu Hafstað. Rætt um að láta gera boli og svuntur með merkinu okkar á. Þá þurfti að halda fundi átti í hverfunum, ferðast um á heyvagni og boða fundi laugar daga og sunnudaga eftir 1. maí.

Hópur 3

Hvernig skal hatta starfinu eftir kosningar?

- Niðurstöður: 1. Borgarfulltrúar sitji í borgarstjórn og hafi yfir-sýn yfir borgarmálefni í heild, en til að halda jarðsambandi þá sitji þær auk þess í nefnd.
2. Varaborgarfulltrúar séu varaborgarfulltrúar og vinni náið með borgarfulltrúum, myndað verði nokkurs konar tvíeyki um hvert sæti og varafulltrúar verði auk þess í nefndum boðgarinnar.
3. Nefndarstörf í öðrum nefndum komi í hlut þeirra kvenna sem næstar koma á listanum og bannig ætti að vera hægt að gera allan fyrri hluta listans þe. um 20 sæti virken og ábyrga í borgarstarfinu.
4. Sett verði á laggirnar borgarmálaráð þar sem sæti eiga allar konur sem störfum gegna fyrir framboðið og forsmarsmenn starfshópa. Borgarmálaráð verði sá hópur sem stendur að baki alls starfs okkar í borgarstjórn. Fundir borgarmálaráðs verði vinnufundir, þar hittast allar þær konur sem starfa fyrir framboðið og þar er því vettvangur til virkra að miðla upplýsingum, leggja línumnar og taka ákvarðanir. Borgarmálaráð hittist hálfsmánaðarlega og verði annar hver fundur opin. Borgarfulltrúar séu ábyrgir fyrir þessum fundum og setji upp dagskrá hverju sinni.
5. Umræðuhópar haldi áfram sínu starfi og prói áfram hugmyndir. Málflokkar í stefnuskrá gera 6 hópa, þrír af efri hluta listans séu í hverjum hópi auk eins hópstjóra utan listans sem er ábyrgur. - hópar séu opnir. Hóparnir séu: 1. Valddreifing og fjármál. 2. Launa- og atvinnumál 3. Uppeldis- og skólamál 4. Tómstunda- og menningarmál 5. Skipulags- og húsnæðismál 6. Heilbrigðismál. Hóparnir eiga að vinna upp tillögur fyrir borgarstjórn úr því efni sem fylgir liggur hverju sinni. Fundir séu haldnir reglulega.
6. Samband við fólk. a) Hverfaráð (komast ekki á fót undin eim) b) Veggkaessar (ca. 15) þar sem sagt verður frá því hvað er að gerast í borgarstjórn hverju sinni (skipta vikulega). Borgarfulltrúar sjái um efnisatriði, starfsmaður sjái um framkvæmd.
7. Hópurinn var sammála um að hættulegt væri að leggja alla áherslu á það að ná inn borgarfulltrúum, áherslan þarf jafnframt að vera á umræðu um kvennamál og brýsting af hálfu hreyfingarinnar sem slíkrar á gang mála sem sérstaklega snerta konur. Þeidi tengist þetta kvennabaráttunni - en fyrst og fremst vekjandi fyrir málefni kvenna, frekar en að gefa kosningaloforð og eins tengist þetta starfi hreyfingarinnar eftir kosningar, hvort starfsvið hennar er og hvernig húh skilur hlutverk sitt sem framvörður íslenskra kvenna á breskum vettvangi.

Auk þessa tvær tillögur: 1. Láru Júlíusdóttur verði falið að sjá um framkvæmdaatriði varðandi listann - safnaundirskriftum, skila honum inn, sækja um listabókstaf.

2. Undirskriftum verði bannig hártað að kvennaframboðskonur fari út á götu með listann og gefi bannig öllum tækifæri til að mæla með honum og hafa bannig áhrif á gang mála. Þetta verði auglýst í útvarkinu ss: í ~~dag~~ milli 4 og 6 verða Kvennaframboðskonur á Lækjartorgi að safna undirskriftum undir kvennalistann - almennum borgurum er bar með gefinn kostur á að mæla með þessu framboði.

Hópur 4

Blaðaútgáfa.

Efni og útlit fyrsta tölublaðs: Góður fulltrúi fyrir málstaðinn. Auglýsingar í blaðinu voru seldar og við rísum ekki efni þeirra, auk þess sem fyllyrðingar um kyngreindar auglýsingar standast ekki. Þar sem svo mikið ríum fer í kynningu á framboðinu var kannski ekki eins mikið ~~ríum~~ fyrir borgarmálefnum og æskilegt hefði verið og bíður það næsta blaðs.

Sala og dreifing. Halda áfram að selja í húsum. Gera átak fyrir páská í húsasölu. Um leið og við fórum að gefa blaðið sem út er komið misvirðum við það fólk sem keypt hefur blaðið.

Aframhaldandi blaðaútgáfa. Gefa út tvö blöð í ~~viðbót~~, eitt sem á að selja um mánaðsmót apr.- maí með miklu af auglýsingum og efni og eitt um miðjan maí sem dreift verður ókeypis í hús í vikunni 15.-22. maí. Það blað yrði minna (t.d. 8 síðum) með áróðursbrag með listanum og stefnuskránni. Upplag 20 bús.

Auglýsingar. Einn sjái um auglýsingasöfnun og innheimtu þeirra á prósentum.

Skrif í blöð fram að kosningum í nafni Kvennaframboðs. Settar verði dagsetningar á öll skrif sem beðið er um í dagblöð. Láta reyna á það að koma greinum inn í öll blöð ekki bara Helgarpóstinn og Dagblaðið, heldur líka Moggann og Þjóðviljann. Tryggja 2-3 greinar á viku í hverju þessara blaða.